



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **LEIÐRÉTTING VEGNA FRÉTTAR MORGUNBLAÐSINS UM SENDINEFND FORSETA Í KÍNA**

Í frétt Morgunblaðsins í dag, fimmtudaginn 9. september, segir í fyrirsögn: „Um 70 manns í sendinefnd forsetans í Sjanghæ“. Þessi fullyrðing er síðan endurtekin í fréttinni.

Þetta er rangt; það eru ekki 70 manns í sendinefnd forseta. Af hálfu embættis forseta Íslands er aðeins Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri embættisins í fylgd forsetahjóna auk þess sem Kristín A. Árnadóttir sendiherra Íslands í Kína og starfsfólk sendiráðsins hafa verið með forseta í dagskrá hans. Hins vegar eru nú staddir í Kína fjölmargir Íslendingar, m.a. í tengslum við dagskrá þjóðardags Íslands á heimssýningunni í Sjanghæ eða vegna atburða sem þeir hafa sjálfir skipulagt og eru á þeirra eigin vegum; þeir eru í Kína á vegum stofnana, fyrirtækja og samtaka á Íslandi en ekki embættis forseta Íslands.

*9. september 2010*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*